

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Brekkusíðu 8-10 á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. febrúar 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingar á deiliskipulagi lóðanna Brekkusíðu 8 og 10. Breytingarnar felast aðallega í færslu sameiginlegra lóðarmarka um 2,85 m til norðurs ásamt breytingum á byggingarreitum og fyrirkomulagi bílskúra. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún muni bæta það tjón sem breytingarnar kunni að valda einstökum aðilum.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F. h. Akureyrarbæjar, 5. júlí 2004,

Bjarni Reykjalín,
skipulags- og byggingarfulltrúi.